

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

1. gr.

Við 2. tölul. 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði þetta tekur einungis til barna sem vegna aldurs falla ekki undir samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna, um tannlækningar barna.

2. gr.

Orðið „mjög“ í fyrirsögn IV. kafla fellur brott.

3. gr.

Orðið „mjög“ í 1. og 3. mgr. 14. gr. fellur brott.

4. gr.

Orðið „mjög“ í greinarfyrirsögn og 3. tölul. 15. gr. fellur brott.

5. gr.

Orðið „mjög“ í greinarfyrirsögn og 1. másl. 1. mgr. 16. gr. fellur brott.

6. gr.

Í stað orðanna „Heimildin gildir til og með 31. desember 2014“ í 2. másl. 21. gr. kemur: Heimildin gildir frá og með 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2016.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Ákvæði 6. gr. sem telst vera ívilnandi gildir um þjónustu sem veitt er frá 1. janúar 2015.

*Velferðarráðuneytinu, 6. mars 2015.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

*Sveinn Magnússon.*